



## Reglur um leikskóla í Árborg

### Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Árborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. Barnalögum.

### 1. Innritun – Opnunartími

#### Innritun

Sveitarfélagið Árborg starfrækir leikskóla en nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Umsókn um leikskóla fer fram í gegnum þjónustuvefinn Mín Árborg. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafraðna umsókn um leikskóladvöl í þjónustuveri í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, sími: 480-1900.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl eins fljótt og kostur er en helst eigi síðar en á því ári sem þau verða tveggja ára. Sækja má um leikskóla strax og kennitala barns hefur verið skráð.

Foreldrar geta sótt um fleiri en einn leikskóla fyrir barn sitt. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttokin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í gr. 4 um forgang.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst leikskóladvöl í öðrum leikskóla sem forsjármenn setja til vara.

#### Opnunartími, skipulagsdagar og lokaðir leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:45 til 16:30.

Hægt er að óska eftir sveigjanlegri vistun fyrir börn. Sveigjanleikinn getur verið hluti úr degi eða fleiri dögum í viku en alltaf fastir dagar. Þó getur vistun aldrei verið styttri en fjórir tímar á dag.

Leikskólar eru lokaðir vegna skipulags- og námskeiðsdaga, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Sjá leikskóladagatöl leikskólanna.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir vegna sumarleyfa í samtals 20 virka daga í júlí ár hvert.

Foreldrar geta sótt um að hámarki 10 daga í aukið sumarfrí fyrir börn sín í samfellu við sumarlokun leikskólanna og fengið leikskólagjöld felld niður þann tíma. Fyrirkomulagið getur verið á þá leið að foreldrar taki einhverja daga fyrir sumarlokun og einhverja daga eftir. Einnig geta þeir tekið 10 daga samfellt fyrir eða eftir sumarlokun. Umsókn um aukið sumarfrí þarf að berast í gegnum leikskólakerfið, vala.is, fyrir 1. mars ár hvert.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársdag.

Leikskólagjöld eru felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs, vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu í gegnum leikskólakerfið, vala.is fyrir 15. desember ár hvert.

Leikskólar Árborgar geta þurft að loka vegna veðurs og er þá farið eftir leiðbeiningum frá Almannavörnum og samráð haft við yfirstjórн sveitarfélagsins, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

## 2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Sveitarfélaginu Árborg og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við sveitarfélagið vegna leikskólagjalda.

Fjármálasviði sveitarfélagsins er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að fjármálasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum Árborgar.

Foreldrar sem hyggjast flytja í Árborg geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt. Leikskólaplássum til barna sem ekki eiga lögheimili í Árborg er úthlutað á sama tíma og til þeirra barna sem eiga lögheimili í Árborg. Réttur til leikskóladvalar fellur niður ef lögheimili hefur ekki verið flutt í Árborg fyrir 1. ágúst ár hvert og öðru barni boðin vistun.

### Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið af sérstökum ástæðum í Árborg geta sótt um leikskólapláss í Árborg. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Sveitarfélaginu Árborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is) og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Árborg við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Sveitarfélaginu Árborg. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Árborg, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir að lögheimili, þegar það er fengið, verði í Árborg. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is).

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Árborg með eftirfarandi gögnum:

- Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Sveitarfélaginu Árborg.

- Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Sveitarfélagini Árborg.
- Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Sveitarfélagið Árborg um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Árborgar.
- Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Árborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

### **3. Flutningur milli leikskóla innan Árborgar**

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla innan Árborgar. Sækja skal um á Mín Árborg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is). Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Eftir að sótt er um flutning milli leikskóla fer barnið á biðlista og er þá farið eftir innritunarreglunum, sjá lið 1a.

### **4. Forgangur að leikskóla**

Sækja má um forgang að leikskólum Árborgar vegna:

- Barna sem eru í elsta árgangi leikskóla.**
- Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.**
  - Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
- Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.**
  - Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
  - Alvarleg veikindi eða alvarleg fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
  - Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
  - Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
  - Þríburar.

Sótt er um forgang í leikskólaumsókn á Mín Árborg.

### **5. Úthlutun leikskólaplássa, dvalarsamningur og uppsögn**

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu júní - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássa fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá rafræna staðfestingu þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla. Foreldrar skulu staðfesta rafrænt að þeir þiggi eða hafni leikskólaplássi innan sjö daga frá dagsetningu rafrænu staðfestingarinnar. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri/deildarstjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Árborgar og reglur um leikskóla í Árborg og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Uppsögn þarf að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og miðað er við að uppsögn taki gildi 1. næsta mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Sækja skal um breytingar á dvalartíma á Mín Árborg.

## 6. Gjaldtaka

Sveitarfélagið Árborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólunum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Árborgar eins og hún er birt á heimasíðunni, [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

**Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn og getur breyst án fyrirvara.**

**Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:**

- Gjalflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.
- Gjalflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi og einstæðir foreldrar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.d.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn í leikskóla.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirk og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Leiðréttning leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðréttning á sér stað.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

### a) Námsmannaafsláttur

Afslátt af námsgaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eru í háskólanámi og skráðir í fullt nám á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða. Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánsþæft er hjá LÍN.
- Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 10 mánuði þrátt fyrir að annað

foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.

Afsláttur reiknast frá 1. degi næsta mánaðar.

**Afsláttur er ekki veittur afturvirkt.**

**b) Afsláttur til einstæðra foreldra**

- Afsláttur er veittur að fenginni umsókn. Umsókn skal endurnýjuð árlega í Völu - leikskólakerfi, fyrir 15. ágúst.
- Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.
- Sveitarfélagið Árborg getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð þarf að skila leikskólastjóra staðfestingu frá sýslumanni þess efnis.  
Afsláttur reiknast frá 1. degi næsta mánaðar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

**Afsláttur er ekki veittur afturvirkt.**

**c) Systkinaafsláttur**

Í Sveitarfélaginu Árborg er veittur systkinaafsláttur. Afslátturinn er einungis af námsgjaldi en ekki af fæðisgjaldi. Veittur er 50% afsláttur af öðru barni en 100% af þriðja barni. Afslátturinn reiknast ávallt á elsta barnið og gildir hann milli frístundaheimila, leikskóla og dagforeldra.

**Afsláttur er ekki veittur afturvirkt.**

**d) Veikindi barns**

Ef barn er fjarverandi í fjórar vikur samfellt eða lengur vegna veikinda geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar en greiða ávallt leikskólagjaldið. Skila þarf læknisvottorði til leikskólastjóra sem staðfestir að barn hafi ekki getað sótt leikskóla.

## **7. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings**

Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram í gegnum heimabanka.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Það á einnig við vegna jólaleyfis barna þeirra forráðamanna sem velja að hafa börn sín heima milli jóla og nýárs og hafa tilkynnt það til leikskólans.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr.

### **a) Innheimtuferill vegna vanskila**

Séu leikskólagjöld ógreidd 10 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviðvörun frá banka. Hafi krafa ekki verið greidd 30 dögum eftir eindaga fær greiðandi sent milli innheimtubréf frá banka.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu.

### **b) Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.**

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk sveitarfélagsins leiðbeinir foreldrum við að leita úrlausna á fjármálasviði Árborgar.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólapláss í two mánuði, án samráðs við leikskólastjóra, er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

## **8. Lagareglur og kæruleiðir**

Leikskólar Árborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir Árborgar um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir um gjaldtöku fyrir barn í leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis ákvarðanir Árborgar er kveða á um rétt eða skyldu manna sem líta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnavaldsákvörðun.

## **9. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2022

Breytingar á þessum reglum samþykktar á 39. fundi fræðslunefndar þann 8. desember 2021.

Samþykkt á xxxx fundi bæjarstjórnar Árborgar þann xxx desember 2021.